

Einkunnaskali: 1 - 4	1 (ábótavant)	2 (sæmilegt)	3 (gott)	4 (framúrskarandi)	Gefið einkunn á skala 1 - 4 (0,5 leyfilegt)	
<p><u>Gæði umsóknar: staða þekkingar og tilvísanir - aðferðalýsing - framkvæmdaáætlun - verkefnavörður og tímaáætlun - verkaskipting - kostnaðaráætlun -</u></p>	<p>Illa unnin, ekki vísað til helstu rannsókna á sviðinu, erfitt að sjá samhengi á milli stöðu þekkingar og verkefnis. Og/eða: Aðferðalýsing ónóg, framkvæmda- og tímaáætlun ekki trúverðug, lýsing á framlagi og verkaskiptingu ónóg og kostnaðaráætlun óskýr. Og/eða: Fyrirsjáanlegt að þátttaka UV í framkvæmd, úrvinnslu rannsóknaniðurstaðna og skrif verður takmörkuð og reynslan einhæf.</p>	<p>Fremur yfirborðskennd umsókn. Umsækjandi vísar til helstu rannsókna á sviðinu en tengsl við rannsókn eru samt óljós. Og/eða: Lýsing á tveimur af eftirfarandi ónógt eða vantar: Aðferðalýsing, framkvæmda- og tímaáætlun, skilgreindar vörður, framlag og verkaskipting, kostnaðaráætlun. Og/eða: Reynsla UV og lærdómur í tengslum við framkvæmd verkefnisins, úrvinnslu rannsóknaniðurstaðna og skrif verður ekki meira en sæmileg.</p>	<p>Umsókn er almennt góð. Umsækjandi hefur góða þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir vel við fyrirhugaða vísindarannsókn. Aðferðalýsing er góð, verkaskipting rannsakennda skýr, framkvæmda- og tímaáætlun í samræmi við markmið og með skýrt skilgreindar vörður. Kostnaðaráætlun er skýr. Lærdómur og reynsla UV í gegnum verkefnið verður fjölbreytt og góð. Enginn þáttur er þó framúrskarandi.</p>	<p>Umsóknin er mjög vel unnin. Umsækjandi sýnir að hann hefur yfirgrípsmikla þekkingu á kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir þá þekkingu við vísindarannsóknina á mjög sannfærandi hátt. Aðferðalýsing, framkvæmda- og tímaáætlun, vörður, verkaskipting og kostnaðaráætlun er allt einstaklega vel unnið og skýrt. Reynsla UV og lærdómur í tengslum við framkvæmd verkefnisins, úrvinnslu niðurstaðna og skrif verður mjög fjölbreyttur og góður.</p>	<p>Vægi 45%</p>	
<p><u>Vísindalegt gildi verkefnis og nýnæmi: Markmið rannsókna og rannsóknaspurning og líkindi þess að hægt sé að svara henni á sannfærandi hátt, gæði rannsóknarefniviðar stærð hans og tölfræðilegt afl.</u></p>	<p>Óljóst eða ófrumlegt verkefni með takmarkað vísindalegt gildi sem bætur litlu við núverandi þekkingu á fagsviðinu. Og/eða: Rannsóknaspurning er óljós eða hana vantar. Og/eða: Tvennt af eftirfarandi illa unnið; 1) markmið illa afmörkuð eða vantar, 2) gæði og stærð rannsóknarefniviðar óljóst eða ónógur, 3) tölfræðilegt afl óljóst og ekki rætt.</p>	<p>Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en alþjóðlegt nýnæmi yrði lítið. Og/eða: Rannsóknaspurning og/eða markmið skiljanleg en ekki fullhugsuð, gæði og stærð rannsóknarefniviðar virðast nægileg og fjallað er um tölfræðilegt afl. Möguleiki á birtingu í erlendum fagtímaritum er ekki ljós, eða líklegur til að verða í ritum sem eru með áhrifastuðul í neðsta fjórðungi á viðkomandi fræðasviðsflokki.</p>	<p>Frumleg rannsókn (gott nýnæmi) með góðu vísindalegu gildi. Rannsóknaspurning og markmið skýr, gæði og stærð rannsóknarefniviðar góð. Fjallað er um tölfræðilegt afl og rök færð fyrir því að það verði nægilegt til að svara rannsóknaspurningum með nægri vissu til að þær fái birtar í góðu alþjóðlegu fagtímariti. Enginn þáttur er þó framúrskarandi.</p>	<p>Vísindalegt gildi og nýnæmi mjög mikið og vísindaverkefnið og afurðir þess afar líklegar til að leiða til birtingar í virtum alþjóðlegum tímaritum sem eru með áhrifastuðul í hæðsta fjórðungi á viðkomandi fræðasviði. Rannsóknaspurning og markmið eru mjög skýr, gæði og stærð rannsóknarefniviðar mjög góð. Fjallað er um tölfræðilegt afl og rök færð fyrir því að það verði nægilegt til að svara rannsóknaspurningum á mjög sannfærandi hátt.</p>	<p>Vægi 45%</p>	
<p><u>Ferill ungs vísindamanns (UV) og umfang vísindalegrar reynslu hans</u></p>	<p>Umfang vísindalegrar reynslu er lítið og ferill rétt hafinn. Þátttaka í einni eða fleiri ráðstefnum, en ekki fyrsti höfundur á ágrípi.</p>	<p>Umfang vísindalegrar reynslu er frekar takmörkuð, þátttaka í einni eða fleiri ráðstefnum og fyrsti höfundur á a.m.k. einu ágrípi.</p>	<p>Umfang vísindalegrar reynslu er góð. Þátttaka í einni ráðstefnu eða fleiri ráðstefnum og a.m.k. ein vísindagrein sem fyrsti höfundur.</p>	<p>Umfang vísindalegrar reynslu er mjög góð sem endurspeglar í a.m.k. 2 vísindagreinum sem fyrsti höfundur, þar af a.m.k. önnur sem hefur birst í góðu alþjóðlegu riti.</p>	<p>Vægi 10%</p>	

Standi val á milli tveggja eða fleiri umsókna sem eru metnar jafnt skal horft til fag- og kynjadreifingar.